

sjóðs, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði hvor kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, f. h. Friðriks Bertelsens & Co. h/f, ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 151 143.29, innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Friðrik Bertelsen, Hilmar Foss og Baldvin Jónsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 8/1948. **Réttvísín** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Guðjóni Guðmundssyni

(Hrl. Krisján Guðlaugsson).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi frá upphafi ætlað að nota fjárhæð þá, sem lýst er í II. kafla héraðsdóms, í eigin þarfir, og hefur hann því með atferli þessu gerzt brotlegur við 248. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 350 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Guðjón Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna

Egils Sigurgeirssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, 350 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. október 1947.

Ár 1947, mánudaginn 20. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4484/1947: Réttvisin gegn Guðjóni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Guðjóni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Lauganeshverfi 34 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 19. febrúar 1914 að Garði í Gerðahreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1935 % Áminning utan réttar fyrir að stýra leigubifreið til mannflutninga, án þess að hafa leyst meira próf bifreiðarstjóra.
- 1935 1½% Sátt, 20 kr. sekt, fyrir sams konar brot.
- 1935 1% Kærður fyrir óheimila töku á bifreið.
- 1935 ¼₂ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og svik.
- 1936 1¾% Dómur sama réttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi fyrir þjófnað.
- 1936 % Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi, fyrir þjófnað.
- 1941 1¾% Áminning fyrir brot gegn 21. gr. 4. mgr. bifreiðalaganna.
- 1942 1¼₁₁ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1945 1¼₁₁ Sátt, 150 kr. sekt fyrir bifreiðaárekstur.
- 1946 1½% Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt er fram komið í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Seinast í febrúarmánuði s. l. varð það að samkomulagi milli ákærða og Gunnars Snorrasonar, Seljavegi 13, hér í bæ, að ákærði færi að vinna á bifreiðaverkstæði Gunnars í byrjun þá næstkomandi marzmánaðar, en ákærði var þá bifreiðarstjóri hjá Steindóri Einarsyni bifreiðarstöðvareiganda, hér í bæ. Hinn 28. febrúar kom ákærði til Gunnars og skýrði honum frá því, að hann væri nú að hætta vinnu hjá Steindóri, en að hann þyrfti að greiða 200 króna skuld sína við

hann. Fór ákærði fram á það við Gunnar, að hann greiddi honum kr. 200 fyrir fram upp í kaup, og varð Gunnar við því. Undirskrifaði ákærði svo hljóðandi yfirlýsingu og afhenti Gunnari: „Ég undirritaður Guðjón Guðmundsson, til heimilis Lauganeskamp 34, viðurkenni hér með að hafa fengið sem fyrirframgreiðslu upp í kaup krónur tvö hundruð — kr. 200.00 — hjá Gunnari Snorrasyni, og lofa jafnframt að vinna hjá honum í bifreiðaverkstæði hans og byrja hjá honum vinnu ekki seinna en næstkomandi mánudag 3. marz 1947.“

Ákærði kveðst síðan hafa greitt Steindóri skuld sína með peningum þeim, sem hann hafði fengið hjá Gunnari. Hann hafi síðan orðið lasinn og legið þrjá daga í rúminu, en er hann hafi komið á fætur, taldi hann að vinna hjá Gunnari á bifreiðaverkstæði væri of erfið fyrir sig. Tók hann því þá ákvörðun að koma ekki í vinnu til Gunnars, en halda áfram sinni fyrri vinnu hjá Steindóri. Ákærði tilkynnti þó alls ekki Gunnari þessa ákvörðun sína og endurgreiddi honum heldur ekki áðurgreindar 200 krónur. Hefur Gunnar krafist ákærða nokkrum sinnum um fjárhæð þessa, en árangurslaust, og kveðst ákærði ekki hafa getað greitt hana sakir fjárskorts.

II.

Um miðjan aprilmánuð s. l. spurði Ragna Aðalsteinsdóttir, Hagamel 15 hér í bæ, ákærða, sem hún kannaðist við, að því, hvort hann gæti hjálpað henni til að fá rafmagnseldavél. Gaf ákærði henni í skyn að hann gæti það, því að hann þekkti mann hjá Rafha í Hafnarfirði, sem selur rafmagnseldavélar. Í maí kveðst ákærði hafa átt erindi til Hafnarfjarðar, og hitti þá Rögnu og bað hana um 900.00 krónur, ef hann ætti að útvega henni rafmagnseldavél. Afhenti Ragna honum fjárhæð þessa. Síðan kveðst ákærði hafa farið til Hafnarfjarðar og reynt að fá þar eldavél, en það hafi ekki tekizt. Ákærði kveðst ekki muna nafn þess manns, sem hann hafi talað við um eldavélina í Hafnarfirði. Um mánuði síðar kveðst hann hafa orðið fjárþurfi, og eyddi hann þá fyrrgreindum 900.00 krónum í þarfir heimilis síns, en hann er giftur og á eitt barn. Ákærði lét Rögnu hvorki vita um, að hann gæti ekki útvegað henni eldavélina, né að hann hefði eytt 900.00 krónunum. Hefur Ragna reynt að innheimta greinda fjárhæð hjá ákærða, en sakir fjárskorts kveðst hann ekki hafa getað greitt hana.

III.

Atferli ákærða, sem lýst er í I. hér að framan, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en atferli hans, sem lýst er í II., við 247. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. þeirra laga, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða

kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gunnar Snorrason hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum þær kr. 200.00, sem talað er um í I. hér að framan, og Ragna Aðalsteinsdóttir hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni þær kr. 900.00, sem talað er um í II. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Steins Jónssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Guðjón Guðmundsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Gunnari Snorrasyni kr. 200.00 og Rögnu Aðalsteinsdóttur kr. 900.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Steins Jónssonar lögfræðings, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1948.

Nr. 84/1946. **Sveinn Frímannsson og Egill Sigurðsson**
(Hrl. Ragnar Jónsson)
gegn

Ármani Jakobssyni
(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Ágreiningur um skilning á sammingsákvæði.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Friðjóni Skarphéðinssyni, bæjarfógeta á Akureyri, og sandómsmönnum hans, Benedikt Steingrímssyni og Gísla Eyland.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. júní 1946. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda